

Nd.

602. Frumvarp til laga

[226. mál]

um stimpilgjald.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 435 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Vixlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

4. gr. hljóðar svo:

Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskyld ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi.

38. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Skulu skjöl sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald og lög nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 80/1953, nr. 24/1971 og nr. 104/1976 um breytingu á þeim lögum, lög nr. 62 28. des. 1977 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu sérákvæði um stimpilfrelsi í einstökum lögum halda gildi sínu.